

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

215. FUNDUR.

215. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 16. apríl árið 2013 í fundarsal Ráðhússins kl. 13:00. Oddviti setti fund.

Mætt undirrituð.

Oddviti óskaði eftir að taka skýrslu sveitarstjóra á dagskrá fundarins sem 11. dagskrárlið. Samþykkt með 7 atkvæðum.

Gengið var til dagskrár.

Fundargerðir nefnda:

1. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður byggðarráðs kynnti.

Fundargerð 787. fundar frá 5. apríl s.l. Fundargerð í 9 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 788. fundar frá 15. apríl s.l. Fundargerð í 8 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

2. Fundargerð félagsmálaráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 135. fundar frá 20. mars s.l. Fundargerð í 4 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

3. Fundargerð fræðsluráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 139. fundar frá 3. apríl s.l. Fundargerð í 8 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

4. Fundargerð Skipulags- og umhverfisráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 220. fundar frá 4. apríl s.l. Fundargerð í 10 liðum.

8. og 9. liðir fundargerðarinnar bornir upp og samþykktir með 6 atkvæðum. Elín R. Líndal vék af fundi við umræðu og afgreiðslu 8. og 9. liða fundargerðarinnar.

Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra þakkar Benjamín Kristinssyni, fyrrverandi byggingarfulltrúa fyrir vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins á liðnum árum.“ Sveitarstjórnarmenn og sveitarstjóri tóku undir bókun oddvita.

Fram lögð eftirfarandi tillaga við 3. dagskrárlið fundargerðarinnar:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að í tengslum við gerð Aðalskipulags Húnaþings vestra 2014-2026 verði haldinn opinn kynningarfundur þar sem farið verði yfir skipulags- og matslýsingu verkefnisins. Fundurinn verður haldinn í Félagsheimilinu Hvammstanga mánudaginn 22. apríl nk. frá kl. 17:00 – 19:00.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram við 6. dagskrárlið fundargerðarinnar:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir, að fenginni umsögn skipulags- og umhverfisráðs, að fyrirhugaðar framkvæmdir við skógrækt á Skeggjastöðum í Húnaþingi vestra, sbr. bréf Norðurlandsskóga dags. 7. mars sl., séu ekki framkvæmdaleyfisskyldar. Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir fyrir sitt leyti að framkvæmdir skógræktarverkefnisins geti hafist nú þegar.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.

5. Fundargerð Ungmennaráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 8. fundar frá 4. apríl s.l. Fundargerð í 5 liðum.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

6. Fundargerðir Starfshóps um samþykktir og stjórnslu.

Fundargerð 14. fundar frá 19. mars sl. Fundargerð í 1 lið.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 15. fundar frá 22. mars sl. Fundargerð í 1 lið.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 16. fundar frá 2. apríl sl. Fundargerð í 1 lið.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 17. fundar frá 4. apríl sl. Fundargerð í 2 liðum.

Oddviti bar upp eftirfarandi tillögu vegna 1. liðar fundargerðarinnar:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa framlagðri Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Húnaþings vestra til síðari umræðu í sveitarstjórn.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. 2. liður fundargerðarinnar borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

7. Kjörskrá vegna alþingiskosninga þann 27. apríl 2013

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða kjörskrá vegna alþingiskosninga þann 27. apríl nk. Á kjörskrá eru alls 899 einstaklingar, 465 karlar og 434 konur. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra áritun kjörskrárinnar og framlagningu.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

8. Málefni útibús Landsbankans á Hvammstanga.

Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun.

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra mótmælir harðlega ákvörðun stjórnenda ríkisbankans Landsbankans hf. um að segja upp fjórum af tíu starfsmönnum útibús bankans á Hvammstanga þann 8. apríl sl. Með uppsögnum þessum hefur samfélaginu í Húnaþingi vestra verið veitt þungt högg. Til samanburðar má benda á að uppsögn þessara fjögurra starfsmanna jafngildir því að um fjögur hundruð starfsmönnum hefði verið sagt upp í Reykjavík á einum og sama deginum. Útibú Landsbankans hf. á Hvammstanga er eina fjármálastofnunin í Húnaþingi vestra sem telur um 1200 íbúa auk þess sem fjöldi viðskiptavina utan héraðs hefur um árabil átt viðskipti við fyrrum sparisjóð og nú útibú Landsbankans. Umrædd ákvörðun stjórnenda Landsbankans hf. veldur sérstökum vonbrigðum

þegar horft er til þess að íslenska ríkið er eigandi bankans og þeirrar ímyndarstefnu sem Landsbankinn hf. hefur gefið út um „Samfélagslega ábyrgð“. Í þessu samhengi skal einnig nefnt að á sl. tveimur árum hefur Landsbankinn hf. skilað gríðarlegum hagnaði og arði til eigenda síns og nú eru uppi hugmyndir um greiðslu sérstaks kaupauka til starfsmanna bankans. Það er skoðun sveitarstjórnar Húnaþings vestra að í ljósi þessa hefðu bæði verið efni og ástæður til að huga að frekari uppbyggingu verkefna bankans víða á landsbyggðinni. Hætt er við að þau skilaboð sem Landsbankinn hf. gefur með uppsögnum þessum leiði til enn frekari fækkunar starfa á landsbyggðinni, lakari þjónustu og þess að staðbundin þekking og skilningur á ólíkum þörfum einstaklinga og atvinnulífs vítt og breitt um landið glattist ef hina eiginlegu fjármálaþjónustu á einungis að veita frá höfuðborgarsvæðinu. Vandséð er hvernig slík stefna geti samræmst útgefinni byggðastefnu stjórnvalda þ.e. eiganda Landsbankans hf. Sveitarstjórn Húnaþings vestra kallar eftir skýringum frá stjórnendum Landsbankans hf. á þeim aðgerðum sem gripið var til á Hvammstanga þann 8. apríl sl. og mun í framhaldinu óska eftir fundi þar um.“

Umræður urðu um bókunina og tóku sveitarstjórnarmenn og sveitarstjóri undir efni hennar.

9. **Brunavarnaráætlun Húnaþings vestra 2013-2017.**

Oddviti bar upp eftirfarandi tillögu:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa framlagðri Brunavarnaáætlun fyrir Brunavarnir Húnaþings vestra 2013-2017 ásamt áorðnum breytingum til síðari umræðu í sveitarstjórn.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

10. **Ársreikningur sveitarsjóðs Húnaþings vestra og fyrirtækja 2012. Fyrri umræða.**

Mættur er á fundinn Kristján Jónasson löggiltur endurskoðandi. Kristján lagði fram og skýrði ársreikninginn ásamt skýrslu um endurskoðun á ársreikningi 2012. Að því loknu svaraði hann fyrirspurnum sveitarstjórnarmanna. Að loknum umræðum lagði oddviti fram eftirfarandi tillögu: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa ársreikningi sveitarsjóðs Húnaþings vestra og fyrirtækja fyrir árið 2012 til síðari umræðu í sveitarstjórn.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

11. **Skýrsla sveitarstjóra.**

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri greindi frá helstu störfum sínum frá 14. febrúar sl.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 15:59

Leó Örn Þorleifsson.

Stefán Einar Böðvarsson.

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Ragnar Smári Helgason.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri
fjármála- og stjórnsýslusviðs.